

Velkomin í Garðaskóla skólaárið 2025 - 2026

Meðfylgjandi eru mikilvægar upplýsingar um fyrstu dagana.

BREYTTUR UPPHAFSTÍMI SKÓLADAGS

Við vekjum athygli á að skóladagurinn hefst nú kl. 8:30 (í stað 8:10 eins og áður).

Undantekning er á **mánudögum**, en þá hefst kennsla kl. 9:45 vegna fundatíma starfsfólks.

(undantekning á undantekningunni er 25. ágúst)

SKÓLASETNING 22. ÁGÚST

Skólasetning fer fram í Ásgarði.

- **Nemendur í 8. bekk og forráðafólk** mæta kl. **09:00**.
Nemendur verða lesnir í bekki og fara svo inn í skóla með umsjónarkennara. Forráðafólk staldrar við og hlustar á stutta kynningu á skólanum til 9:50. Nemendur eru búnir kl. **12:00**.
- **Nemendur í 9. og 10. bekk** mæta kl. **10:00** og eru í skólanum til kl. **11:00**.

SKOLAMATUR.IS

Allir nemendur fá **ókeypis hádegismat**.
Forráðafólk þarf að skrá sitt barn í mat á vefsíðunni skolamatur.is.
Um leið og þið vitið umsjónarþekki ykkar barns getið þið gengið frá skráningu.

UMSJÓNARKENningarADAGUR 25. ÁGÚST

Þann dag eru **allir nemendur í skólanum frá kl. 8:30 til 14:30** hjá sínum umsjónarkennara. Dagurinn er tileinkaður samskiptum, skipulagi og undirbúningi fyrir veturinn.

Kennsla hefst samkvæmt stundaskrá þriðjudaginn 26. ágúst og um leið hefst afgreiðsla skólamats.

NÁMSGÖGN

Nemendur fá ókeypis **námsgögn frá skólanum** og verða þau afhent fyrstu skóladagana.

Athugið að skólinn útvegar ekki íþróttaföt, sundföt, skólatösku og pennaveski.

Á mánudaginn afhenda umsjónarkennarar ritföng sem eiga að duga nemendum út veturinn. Það er á ábyrgð nemenda að halda utan um þau og ef þau týnast þurfa nemendur sjálfir að endurnýja þau.

Athugið að til þess að fá ritföng verða nemendur að vera með pennaveski. Ef það vantar seinkar afhendingu ritfanga fyrir viðkomandi nemanda.